

Bæjarráð Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogi, 30. september 2024.

Háttvirta bæjarráð

Undirritaður héraðsskjalavörður Kópavogs hóf störf við Héraðsskjalasafn Kópavogs 1. janúar 2006. Í dag 30. september 2024 er hans síðasti vinnudagur miðað við unninn þriggja mánaða uppsagnarfrest.

Enginn fulltrúi Kópavogsbæjar eða Þjóðskjalasafns Íslands hefur talað við undirritaðan eftir að hann kom úr sumarleyfi 1. ágúst sl. Óljóst er hvernig undirrituðum er ætlað að afhenda safngögn Héraðsskjalasafns Kópavogs, sem lagt var niður 23. apríl 2023, og í hvers hendur.

Því sendi ég bæjarráði Kópavogs hjálagt umslag með lyklum þeim sem ég hef haft að húsnæði því sem geymir safngögn Héraðsskjalasafns Kópavogs, að Digranesvegi 7 og Fannborg 3-5.

Virðingarfyllst,



Hrafn Sveinbjarnarson,
fráfarandi héraðsskjalavörður

Hjálagt: Umslag með lyklum.